

**Atvinnuvega- og  
nýsköpunarráðuneyti**

**M i n n i s b l a ð**

Viðtakandi: **Umhverfis- og samgöngunefnd**  
Sendandi: **Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið**  
Dagsetning: **24.10.2012**  
Málsnúmer: **ANR12090515**  
Bréfalykill:

Efni: **Umsögn um frumvarp til umferðarlaga**

Með frumvarpi til umferðarlaga (þingskj. 180, 179. mál) og frumvarpi til laga um ökutækjatrýggingar sem lagt verður fram á haustþingi er verið að skilja að tvo eðlisskylda málaflokka sem um langa hríð hefur verið saman komið í einum lagabálki.

Eins og efni gefur til kynna er nokkur þörf á að huga að samræmingu þessara tveggja frumvarpa, a.m.k. hvað varðar helstu snertifleti. Þau mál sem skipta mestu máli hér eru hugtakanotkun og skráningarskyldan, sbr. 70. gr umferðarlagafrumvarpsins.

Innanríkisráðuneytið og efnahags- og viðskiptaráðuneytið (nú atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, ANR) áttu nokkra fundi síðasta vor þar sem komist var að góðri niðurstöðu um orðalag skráningarskyldunnar. Ekki verður nánar vikið að henni hér.

Hvað hugtakanotkun varðar þá verðskuldar hugtakið umráðamaður umfjöllun. Við þinglega meðferð frumvarps til laga um ökutækjatrýggingar á 140. þingi var hugtakið mikið rætt og er óhætt að segja að sú óvissa sem umlykið hefur hugtakið hafi m.a. orðið til þess að frumvarpið hlaut ekki brautargöngu. Rík ástæða er til þess að tryggja að hugtakið sé skýrt og enginn vafi leiki á um stöðu umráðamanns ökutækis.

Hugtakið umráðamaður er ekki skilgreint í núgildandi umferðarlögum né í frumvarpi til nýrra umferðarlaga. Eina skilgreiningin sem er til staðar í íslensku lagamáli er að finna 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 751/2003 um skráningu ökutækja, með síðari breytingum. Þar segir m.a. að "[u]mráðamaður er sá sem á vegum eiganda ökutækis hefur varanleg umráð þess, t.d. samkvæmt eignarleigu- eða afnotasamningi í tiltekinn tíma." Við skoðun á hugtakinu sést að þörf er á endurskoðun þess, enda er í því bæði vísað til varanlegra umráða og umráða í tiltekinn tíma. Erfitt er að sjá hvernig hægt er að uppfylla bæði þau skilyrði á sama tíma.

Lögð er til eftirfarandi skilgreining á hugtakinu umráðamaður:

*Umráðamaður: Sá sem með samþykki eiganda ökutækis hefur umráð þess. Aðili telst ekki umráðamaður nema hann sé skráður sem slíkur í ökutækjaskrá.*

Skilgreiningin hér að ofan felur í sér efnislýsingu og formkröfu, þ.e. að umráðamaður sé sá sem með samþykki eiganda hafi umráð þess og hann sé skráður sem slíkur í ökutækjaskrá. Með tilliti til skýrleika er æskilegt að samhljóða skilgreiningu á hugtakinu verði að finna bæði í lögum um ökutækjatrýggingar sem og í umferðarlögum.

Í frumvarpi til laga um ökutækjatrýggingar verður lagt til að allar skyldur og kvaðir hvíli á eiganda ökutækis. Þó verður lagt til að heimilt verði að semja um að umráðamaður ökutækis váttryggi það í sínu nafni. Hin lagalega skylda og afleiðingar þess ef ekki er eftir henni farið hvílir ætíð á eiganda. Ef umráðamaður vanrækir skyldu sína samkvæmt samningi við eiganda um að halda ökutæki váttryggtu þá á eigandi ökutækis endurkröfurétt á umráðamann sem nemur þeim kostnaði sem eigandi varð sannarlega fyrir sökum vanefndanna. Eigandi ber eftir sem áður ábyrgð á því að ökutæki í umferð sé váttryggt lögboðinni ábyrgðartryggingu.

Í frumvarpi til umferðarlaga er fjallað um ýmsar skyldur eiganda og er í nokkrum tilfellum þar sem vísað er til þeirra skyldna bætt við hugtakinu umráðamaður innan sviga á eftir eiganda. Til skýringar á því segir í almennum athugasemdum við frumvarpið undir x. kafla m.a. "*[i] frumvarpi því sem hér er lagt fram er lagt til grundvallar að höfuðábyrgð á ökutæki hvíli í höndum skráðs eiganda ökutækis, en hugtakið „umráðamaður“ er sett innan sviga á eftir eiganda í nokkrum greinum í frumvarpinu og þar með lögð áhersla á að skyldur umráðamanns eru afleiddar af þeim kvöðum sem lagðar eru á skráðan eiganda ökutækis samkvæmt frumvarpinu.*"

Í 68., 72., 111. og 112. gr. frumvarpsins er hugtakið umráðamaður sett innan sviga á eftir eiganda. Það er þó aðeins í athugasemdum við 68. gr. að útskýrt er á hverjum ábyrgðin hvílir, en þar segir m.a.: "*[þ]ar er gert ráð fyrir að umráðamaður sé sá sem á grundvelli persónulegs samnings, svo sem vinnuréttarsambands, hefur bifreið til umráða. Bifreiðin er þá eftir sem áður á ábyrgð eiganda, en við þær aðstæður er eðlilegt að hin lögbundna skylda til að haga ástandi ökutækisins í samræmi við gildandi reglur hvíli á umráðamanni.*"

Í 94. gr. frumvarpsins er lagt til að sekta skuli fyrir brot gegn ákvæðum 68. gr. frumvarpsins. Af ofangreindum athugasemdum við 94. gr. má ætla að sekta eigi umráðamann, sé hann til staðar, fyrir brot gegn 68. gr. frumvarpsins.

Í 72. gr. frumvarpsins er fjallað um skoðun ökutækis og álagningu og innheimtu svokallaðs vanrækslugjalds. Þar kemur m.a. fram að eigandi (umráðamaður) ökutækis beri ábyrgð á því að ökutæki sé fært til skoðunar og hafi eigandi (umráðamaður) ökutækis ekki fært ökutæki til skoðunar innan tilgreindra tímamarka skal greiða sérstakt vanrækslugjald sem nýtur lögveðs í ökutækinu.

Í 111. gr. frumvarpsins er fjallað um ábyrgð á álagningu gjalds sem lagt hefur verið á skv. 1. mgr. 110. gr. frumvarpsins. Í greininni segir m.a. að eigandi ökutækis (umráðamaður) beri ábyrgð á greiðslu gjaldsins, sem nýtur lögveðs í ökutækinu.

Réttarstaða umráðamanns er ekki nánar útskýrð í athugasemdum við 72. og 111. gr. frumvarpsins. Ætla má að þau sjónarmið sem sett eru fram í athugasemdum við 68. gr. eigi einnig við hvað varðar réttarstöðu umráðamann í þeim tilvikum sem greinir í 72. og 111. gr. frumvarpsins, enda gefa athugasemdir með frumvarpinu ekki annað til greina.

Ráðuneytið hefur verulegar athugasemdir um réttmæti þess að leggja gjald á ökutæki, vegna t.d. vanrækslu á að láta skoða það, í þeim tilvikum sem umráðamaður vanrækir skyldu sína. Þetta sjónarmið á sérstaklega við í þeim tilfellum sem umrætt gjald nýtur jafnframt lögveðsréttar í viðkomandi ökutæki. Æskilegt verður að telja að eigandi beri þær ábyrgðir og skyldur sem fara samhliða ökutækjaeign. Það að bæta við umráðamanni með þeim hætti sem gert er í frumvarpinu flækir, að mati ráðuneytisins, hlutina að óþörfu.

Nauðsynlegt er að tryggja samræmi á milli frumvarpanna tveggja, þ.e. frumvarps til umferðarlaga og frumvarps til laga um ökutækjatryggingar, hvað varðar ábyrgð eiganda á ökutæki. Ráðuneytið gerir ráð fyrir að frumvarp til laga um ökutækjatryggingar verði kynnt í ríkisstjórn á næstu dögum og er þess óskað að ekki verði lokið þinglegri meðferð umferðarlagafrumvarpsins fyrr en umhverfis- og samgöngunefnd hefur kynnt sér frumvarp til laga um ökutækjatryggingar og þá nálgun sem frumvarpið tekur á ábyrgð eiganda.